

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.

Með vísan til 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum um gjaldskrá hafna hefur hafnarstjórn Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar samþykkt að breyta 10. gr. gjaldskrárinnar. Breytingarnar eru þær að 4. flokkur verður 5. flokkur og verður nýtt gjald tekið upp í 4. flokki. Gjald kr. 600 fyrir hvert tonn. Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1. til 3. flokki. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 19. janúar 2006 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 24. apríl 2006.

Gunnar Jónsson,
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2006